



SKÁKAKADEMÍA

REYKJAVÍKUR

Skákkennsla í reykvískum grunnskólum 2015-16

- **Stefán Bergsson**
- **Skýrsla rituð í október**

Skákakademía Reykjavíkur hefur frá árinu 2008 verið leiðandi í skipulagi og innleiðingu á skákkennslu í grunnskólum borgarinnar.

Í þessari skýrslu má nálgast helstu upplýsingar um skákkennslu í Reykjavík fyrir skólaveturinn 2015-16. Skýrslan er byggð á upplýsingum frá skólastjórnendum og skákkennurum. Upplýsingar um fjölda nemenda og fyrirkomulag má ætla að séu um 95% réttar.

Helstu tölur

Í Reykjavík eru 42 grunnskólar, þar af sex einkareknir skólar og tveir sérskólar.

Skákkennsla verður í allavega 27 skólum.

Kennslan er á stundatöflu nemenda í 18 skólum.

Níu skólar fara þá leið að hafa skákkennslu utan hefðbundins skólatíma nemenda.

Alls fá um og yfir 1600 nemendur skákkennslu yfir skólaárið. Þar af yfir 1000 í hverri viku. Skákkennslan er á öllum aldri og dreifist nokkuð, en algengast er að nemendur þriðja og fjórða bekkjar njóti skákkennslu.

Kennaraliðið er vel skipað en flestir kennaranna eru með kennsluréttindi frá FIDE, alþjóðasamtökum skákhreyfingarinnar. Jafnframt er meirihluti kennaranna með kennsluréttindi í grunnskóla.

Skákkennarar í grunnskólum Reykjavíkur: Birkir Karl Sigurðarson, Björn Ívar Karlsson, Bragi Þorfinnsson, Einar Ólafsson, Gauti Þór Ástþórsson, Gunnar Finnsson, Gunnar Freyr Rúnarsson, Kristian Guttesen, Ingibjörg Edda Birgisdóttir, Siguringi Sigurjónsson, Stefán Bergsson og Svavar Viktorsson. (Þessi listi er ekki tæmandi)

Allar fyrirspurnir um skákkennslu í grunnskólum borgarinnar mega berast til Stefáns Bergssonar framkvæmdastjóra Skákakademiunnar í netfangið stefan@skakakademia.is

Austurbæjarskóli

Kennari: Björn Ívar Karlsson.

Árgangur: Þriðji og fjórði bekkur.

Fyrirkomulag: Nemendur eru í skáktímum í hverri viku á stundatöflu, 40 mínútur í senn.

Fjöldi nemenda: 100.

Árbæjarskóli

Kennari: Gunnar Finnsson.

Árgangur: Þriðji til tíundi bekkur.

Fyrirkomulag: Skákin er val nemenda sem sækja eina 40 mínútna kennslustund í hverri viku.

Fjöldi nemenda: 27.

Breiðagerðisskóli

Kennari: Björn Ívar Karlsson.

Árgangur: Sjötti bekkur.

Fyrirkomulag: Fjölmönnum sjötta bekk er skipt upp í fjóra hópa, tvo drengjahópa og tvo stúlknahópa. Hver hópur er í skák 40 mínútur í senn í hverri viku, þ.e. í eina kennslustund og á stundatöflu.

Fjöldi nemenda: 68.

Brúarskóli

Kennari: Starfsmenn skólans.

Árgangur: Fjórði til tíundi bekkur.

Fyrirkomulag: Skákkennslan er óregluleg og miðast við áhuga nemenda hverju sinni.

Fjöldi: Óreglulegur, enda stoppa nemendur ekki lengi við í skólanum. Einar til tvær annir.

Fellaskóli

Kennari: Stefán Bergsson.

Árgangur: Þriðji bekkur og unglingadeild.

Fyrirkomulag: Á stundatöflu nemenda yfir allt skólaárið. Hver nemandi fær skákkennslu í hverri viku í eina kennslustund, 40 mínútur í seinn. Skákin er val nemenda í unglingadeild.

Fjöldi nemenda: 45 nemendur í þriðja bekk og 20 í unglingadeild. Alls 65.

Foldaskóli

Kennari: Björn Ívar Karlsson.

Árgangur: Þriðji til fimmti bekkur.

Fyrirkomulag: Hver nemandi er í skák eina 40 mínútna kennslustund í hverri viku og á stundatöflu.

Fjöldi nemenda: 48 í þriðja bekk, 46 í fjórða bekk og 46 í fimmta bekk. Alls 140.

Fossvogsskóli

Kennari: Birkir Karl Sigurðarson.

Árgangur: Fyrsti til sjöundi bekkur.

Fyrirkomulag: Skákkennsla stendur nemendum til boða einu sinni í viku áður en formleg kennsla hefst klukkan 09:00. Skáktíminn er frá 8:10 – 8:50.

Fjöldi nemenda: Um 20 en er nokkuð breytilegt.

Hamraskóli

Skákkennsla hefst eftir fáeinar vikur. Verður hún skipulögð í samstarfi við frístundastarf eftir skólatíma.

Háaleitisskóli

Kennari: Björn Ívar Karlsson.

Árgangur: Þriðji bekkur.

Fyrirkomulag: Skákkennslan er á stundatöflu Þriðja bekk er skipt upp í tvo hópa. Hver nemandi er í skák í eina 40 mínútna kennslustund í hverri viku.

Fjöldi nemenda: 24.

Háteigsskóli

Kennari: Stefán Bergsson.

Árgangur: Þriðji og fjórði bekkur.

Fyrirkomulag: Skákkennslan er á stundatöflu. Hver nemandi fær skákkennslu í annarri hvorri viku í eina kennslustund yfir hálf t skólaárið.

Fjöldi nemenda: 80.

Hlíðaskóli

Kennari: Björn Ívar Karlsson.

Árgangur: Þriðji bekkur og unglingadeild.

Fyrirkomulag: Skákkennslan er á stundatöflu. Nemendur þriðja bekkjar eru í skák aðra hvora viku, 40 mínútur í senn og á stundatöflu. Nemendur í unglingadeild í skákvali fá eina klukkustund á viku í skák.

Fjöldi nemenda: 56.

Hólabrekkuskóli

Skákkennsla verður í Hólabrekkuskóla á skólaárinu en fyrirkomulag liggur ekki fyrir.

Húsaskóli

Kennari: Stefán Bergsson.

Árgangur: Þriðji og fjórði bekkur.

Fyrirkomulag: Skákkennslan er á stundatöflu. Hver nemandi fær skákkennslu í hverri viku í eina kennslustund, 40 mínútur í senn.

Fjöldi nemenda: 60.

Ingunnarskóli

Kennari: Gunnar Finnsson.

Árgangur: Annar til fimmti bekkur.

Fyrirkomulag: Skákkennslan er á stundatöflu. Nemendum skipt í sex til átta hópa. Hver hópur er um það bil tvo mánuði í skák í senn, einu sinni í viku í eina kennslustund. Þá tekur næsti við og er jafn lengi. Þ.e. hver hópur er þá samtals um það bil fjóra mánuði í skákkennslu á skólaárinu.

Fjöldi nemenda: 158.

Ísaksskóli

Skákkennsla í Ísaksskóla hefst í október.

Kelduskóli

Kennari: Björn Ívar Karlsson.

Árgangur: Fjórði og fimmti bekkur.

Fyrirkomulag: Skákkennslan er á stundatöflu. Fimmti bekkur er í skák í hverri viku. Fjórði bekkur er í skák aðra hvora viku. 40 mínútna kennslustund hjá báðum árgöngum.

Fjöldi nemenda: 60.

Klébergsskóli

Fyrirhugað er átta vikna námskeið snemma árs 2016 sem Stefán Bergsson mun kenna.

Langholtsskóli

Kennari: Siguringi Sigurjónsson.

Árgangur: Þriðji til fjórði bekkur bekkur og níundi til tíundi bekkur.

Fyrirkomulag: Á stundatöflu nemenda yfir allt skólaárið. Hver nemandi fær skákkennslu í hverri viku í eina kennslustund. Val í eldri bekkjunum sem eru eina önn í skák.

Fjöldi nemenda: 90.

Landakotsskóli

Kennari: Kristian Guttesen.

Árgangur: Þriðji til tíundi bekkur.

Fyrirkomulag: Skákkennslan er á stundatöflu. Nemendur þriðja bekkjar eru í skák aðra hvora viku, 40 mínútur í senn, þar sem bekknum er skipt upp í fjóra hópa. Nemendur í unglingadeild í skákvali fá eina klukkustund á viku í skák.

Fjöldi: 56.

Laugalækjarskóli

Kennari: Svavar Viktorsson.

Árgangur: Sjöundi til tíundi bekkur.

Fyrirkomulag: Skákkennslan er á stundatöflu. 2x40 mínútna kennslustundir. Hægt að velja fyrir og eftir áramót eða allt árið.

Fjöldi nemenda: 110.

Laugarnesskóli

Skákæfingar eftir skóla munu hefjast innan nokkurra vikna. Munu þær fara fram í samstarfi við frístundastarfið sem er skipulagt í húsnæði Laugalækjarskóla.

Norðlingaskóli

Kennari: Einar Ólafsson.

Árgangur: Þriðji til tíundi bekkur

Fyrirkomulag: Allir nemendur í þriðja til sjöunda bekk fá skákkennslu í nokkrar vikur og geta svo valið skák. Skákin er kennd sem valfag í unglingadeild.

Fjöldi nemenda: 200.

Rimaskóli

Kennari: Björn Ívar Karlsson.

Árgangur: Annar til tíundi bekkur.

Fyrirkomulag: Skáktímum er skipt jafnt milli bekkja þannig að allir nemendur skólans fái tækifæri á að læra skák. Sér kennslustund fyrir afreksnemendur.

Fjöldi nemenda: 60.

Seljaskóli

Kennari: Gauti Þór Ástþórsson.

Árgangur: Unglingadeild.

Fyrirkomulag: Valfag, kennsla hefst eftir áramót.

Fjöldi: 27.

Vættaskóli Engi

Kennarar: Björn Ívar Karlsson og Bragi Þorfinnsson.

Árgangur: Þriðji og fjórði bekkur

Fyrirkomulag: Skákkennslan er á stundatöflu. Þriðji bekkur er í skák aðra hvora viku. Fjórði bekkur er í skák í hverri viku. 40 mínútna kennslustund hjá báðum árgöngum.

Fjöldi nemenda: 58.

Vættaskóli Borgir

Kennari: Björn Ívar Karlsson.

Árgangur: Þriðji og fjórði bekkur.

Fyrirkomulag: Skákkennslan er á stundatöflu. Þriðji bekkur er í skák aðra hvora viku. Fjórði bekkur er í skák í hverri viku. 40 mínútna kennslustund hjá báðum árgöngum.

Fjöldi nemenda: 54.

Waldorfsskólinn Sólstafr

Kennari: Sigurður Örn Leósson.

Árgangur: Fyrsti til tíundi bekkur.

Fyrirkomulag: Skákin er kennd í svokölluðum blokkum og fá allir nemendur skólans einhverja skákkennslu yfir veturinn.

Fjöldi: 60.

Ölduselsskóli

Kennari: Björn Ívar Karlsson.

Árgangur: Byrjendahópur fyrir fyrsta til þriðja bekk og afrekshópur fyrir fjórða til sjöunda bekk.

Fyrirkomulag: Byrjendahópur er í skák 30 mínútur á viku. Afrekshópur er í skák 40 mínútur á viku.

Fjöldi: Byrjendahópur 12, afrekshópur 10.

Skákkennsla hefur enn ekki verið skipulögð fyrir þetta skólaár í: Ártúnsskóla, Barnaskóla hjallastefnunnar, Breiðholtsskóla, Dalskóla, Grandaskóla, Hagaskóla, Klettaskóla, Melaskóla, Réttarholtsskóla, Selásskóla, Suðurhlíðaskóla, Sæmundarskóla, Vesturbæjarskóla, Vogaskóla og Tjarnarskóla.

Skákakademían hefir verið í sambandi við þessa skóla og einhverjir þeirra stefna að skákkennslu í einhverju formi á þessu skólaári.